



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn 9. júní 2008

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 9. júní 2008, kl. 17,00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórður Pálsson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

Dagskrárliður 1

Lárus B. Jónsson fyrir hönd Blöndu ehf. kt. 520308-0400 sækir um 3 lóðir og byggingaleyfi fyrir orlofshús (gestahús) samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Lóðirnar sem um ræðir eru í Brautarhvammi á milli þeirra orlofshúsa (frá Aall-hyttebygg) sem eru þar nú (á gamla svæðinu). Húsin eru bjálkahús af einfaldri gerð 15m², ætluð til útleigu yfir sumartíma. Húsin standast allar kröfur sem gerðar eru í byggingareglugerð um hús fyrir þessa notkun. Aðalteikningar aðrar en afstöðuteikning liggja fyrir.

Afgreiðsla:

Erindið er samþykkt með fyrirvara um að lagðar verði inn endanlegar teikningar. Mælst er til að húsin verði í sama lit og núverandi hús.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:19.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Sigurður Jóhannesson (sign.)

Andrés Leifsson slökkviliðsstjóri. (sign)

Stefán Árnason byggingafulltrúi (sign.)

Þórður Pálsson (sign.)